

Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 143

Dags. 21.01.2021

Skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps Fundur nr. 143

Þriðjudaginn 21. janúar 2020, kl. 18:00 var í Ásgarði haldinn fundur í skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps.

Viðstaddir voru: Maríanna H. Helgadóttir, Magnús Kristmannsson, Elís Guðmundsson og Sigurður H. Ólafsson skipulags- og byggingarfulltrúi. Karl Magnús Kristjánsson boðaði forföll. Helena Ósk Óskarsdóttir aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa ritaði fundargerð.

Eftirfarandi erindi voru tekin fyrir á fundinum:

Skipulagsmál:

- 1. Deiliskipulag frístundabyggðar í Flekkudal – umsögn Veðurstofu Íslands**
Deiliskipulag í landi Flekkudals fyrir lóðinar Flekkudalur 9, 10, 11, 12 og 13 hefur öðlast gildi með auglýsingu í B- deild Stjórnartíðinda. Á dögnum barst umsögn Veðurstofu Íslands 5. og 19. janúar.
Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.
- 2. Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 - kynning**
Afgreiðsla: Lagt fram.

Byggingarmál:

- 1. Birkihlíð 1, L218849** – Umsókn um byggingarleyfi fyrir 476,8 m² einbýlishúsi skv. uppdráttum dags. 03.11.2020. Nýtingarhlutfall 0,0445. Grenndarkynningu er lokið. Athugasemd barst frá einum aðila.
Afgreiðsla: Megin inntak andmæla er að umræddur byggingarreitur sé inn á gildandi deiliskipulagi fyrir frístundabyggð. Athugasemdin sem barst er til þess fallin að synja ber erindinu. Tekið er tillit til athugasemda, erindi hafnað.

Önnur mál:

- 1. Erindisbréf fyrir skipulags- og byggingarnefnd Kjósarhrepps** – Lögð fram drög að erindisbréfi skipulags- og byggingarnefndar Kjósarhrepps.
Afgreiðsla: Nefndin leggur til við hreppsnefnd að samþykkja drögin að erindisbréfinu með fyrirvara um að ekki hafi borist athugasemdir frá nefndarmönnum fyrir kl 12:00 næstkomandi mánudag, 25. janúar.

Fundi slitið: 18:39